

Umhverfissráðuneytið
Hugi Ólafsson
skrifstofustjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. september 2011
2011090005/42-8
TB
jgo/tb

Rannsóknaleyfi vegna virkjunar í Svartá í Bárðardal, umsögn

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 9. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn SSB ehf. um rannsóknaleyfi við Svartá í Bárðardal.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir innsend gögn. Stofnunin gerir ekki athugasemd við að rannsóknaleyfi verið veitt en telur að leyfið verði að taka tillit til nokkurra þátta. Á rannsóknasvæðinu eru fálkaóðul og þar eru einnig húsundur og gulundur, allt sjálfgefur fuglategundir á válista. Svartá er einnig þekkt fyrir urriða. Rannsóknirnar verða því að taka mið af því að raska ekki dýralífi svæðisins. Í umsókn SSB ehf. kemur fram að umsækjandi telur akstur utan vega nauðsynlegan, vegna tiltekinna rannsókna, án þess að það sé skýrt út frekar. Þetta atriði þarf að skoða sérstaklega og tryggja þarf að öðru leyti að rannsóknirnar valdi engu varanlegu raski og umgengni verði sem best í alla staði. Með umsögn þessari er ekki tekin nein afstaða til nýtingar á ánni eða mat lagt á verndargildi árinna eða rannsóknasvæðisins í heild.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

